



Fundur háskólaráðs 7. apríl 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 03.04.2000 15:47:52
Dags: 07.04.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

4/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, föstudaginn 7. apríl var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Lagt fram erindi frá Stefáni Má Stefánssyni þar sem hann biðst undan endurkjöri í stjórn Háskólabíós vegna mikilla anna við önnur verkefni. Stefán hefur átt sæti í stjórn bíósins frá 1987 og gegnt þar formennsku síðustu ár. Stefán Ólafsson vék af fundi. Stefán Ólafsson, prófessor var einróma kjörinn í stjórn Háskólabíós í stað Stefáns Más Stefánssonar.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Minnisblað um nám í arkitektúr.

- 2.2 Viðurkenning til Háskóla Íslands frá Norræna ráðinu í málefnum fatlaðra.

3. Frestað var að ganga frá erindisbréfi Alþjóðasamskiptaráðs þar til stefna H.Í. í alþjóðamálum hefur verið endurskoðuð.

4. Inn á fundinn kom Ólafur Jóhannes Einarsson, lögfræðingur rektors. Fyrir háskólaráði lá tillaga að úrskurði um stjórnslukæru Erlings Þorsteinssonar með úrskurðarorðum svohljóðandi:

“Ekki er fallist á þá kröfu Erlings Þorsteinssonar að útskrifa hann sem cand oecon frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Ákvörðun háskólarektors í máli hans frá 4. maí 1993 stendur óhögguð.”

Úrskurðurinn var samþykktur einróma.

5. Fyrir háskólaráði lá tillaga að úrskurði um stjórnslukæru Stúdentaráðs Háskóla Íslands fyrir hönd Írisar Bjarkar Gylfadóttur. Úrskurðarorð eru:

“Kröfu Írisar Bjarkar Gylfadóttur um að hefja nám á öðru misseri í hjúkrunarfræði er hafnað.”

Fulltrúar stúdenta komu með breytingartillögu við úrskurðarorðin:

“Fallist er á kröfu Írisar Bjarkar Gylfadóttur um að hefja nám á öðru misseri í hjúkrunarfræði að því tilskildu að hún standist próf í líffærafræði.”

Breytingartillagan var felld með 7 atkvæðum gegn 2.

Tillaga að úrskurðarorðum var samþykkt með 6 atkvæðum gegn 2 atkvæðum fulltrúa stúdenta.

6. Fyrir voru teknar reglur um framhaldsnám í heimspekideild, sem samþykktar voru á deildarfundum 10. desember 1999. Reglurnar voru ræddar ítarlega og sérstaklega inntökuskilyrðin fyrir M.A. – nám. Fram kom frá fulltrúa Röskvu breytingatillaga um að felld verði niður orðin “og með minnst 8,0 í einkunn fyrir B.A. ritgerð” úr fyrstu málsgrein 3. gr. C – kafla.
Breytingartillagan var felld með 4 atkvæðum gegn 3.
Reglur um framhaldsnám í heimspekideild voru samþykktar með 5 atkvæðum gegn 1.
7. Inn á fundinn komu Valgerður Edda Benediktsdóttir, starfandi formaður jafnréttisnefndar og Rannveig Traustadóttir, nefndarmaður. Valgerður kynnti Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000 – 2004, sem inniheldur fjögur meginatriði:
 - I. Að jafna aðstöðu karla og kvenna innan Háskóla Íslands.
 - II. Að jafna aðild kynjanna að stjórn háskólans.
 - III. Að tryggja jafna aðstöðu kvenna og karla til náms.
 - IV. Að vinna gegn kynferðislegri áreitni.Ennfremur var lagt fram til kynningar átaksverkefni jafnréttisnefndar: “Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna.”
Fram komu spurningar um stöðu jafnréttismála innan Háskólans. Edda og Rannveig svöruðu.
Samþykkt var að vísa jafnréttisáætluninni til umsagnar háskólafundar.
8. Inn á fundinn komu Brynjólfur Sigurðsson, formaður bygginganefndar, og Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur. Fyrir fundinum lágu þrjár skýrslur:
Drög að áfangaskýrslu starfshóps um “Háskólatorg”, apríl 2000.
Háskólatorg – umræðutillaga, febrúar 2000 Skipulags- arkitekta og verkfræðistofan ehf.
University of Iceland, report on visit of 21-24 January 2000, Dalia and Nathaniel Lichfield Associates, 28.01.00.
Gestur Ólafsson kynnti skipulagshugmyndir fyrir háskólalóðina og háskólatorgið og Brynjólfur Sigurðsson gerði grein fyrir áfangaskýrslunni og vinnu starfshópsins. Málið var rætt og verður aftur á dagskrá á næstu fundum ráðsins.
9. Frestað var að ræða reglur um framgang.
10. Rektor ræddi skipulag stjórnarsýslunnar og endurskipulagningu hennar. Fyrir fundinum lá skýrsla stjórnarsýslunefndar frá 3. september 1997. Ráðið samþykkti að leita eftir ráðgjöf erlendra sérfræðinga um stjórn og stjórnarsýslu Háskólans. Rektor var falið að fylgja málinu eftir.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 16:20